



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/3010
komudagur 13.8.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	12. ágúst 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (sameining ráðuneyta), ~~568~~ 658. mál.

Frumvarpið felur í sér sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í eitt ráðuneyti, innanríkisráðuneyti, sameiningu félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneyti í eitt ráðuneyti, velferðarráðuneyti, og loks sameiningu iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis í eitt ráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Að auki er lagt til að heiti umhverfisráðuneytis verði breytt í umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur markmið þau, sem stefnt er að með frumvarpinu, skynsamleg enda mjög líklegt að hin sameinuðu ráðuneyti verði öflugri samhliða því að kostnaður við rekstur þeirra lækki. Frumvarpið muni m.ö.o. stuðla að bæði skilvirkari og markvissari stjórnsýslu en ella. Hins vegar þykir rétt að leggja áherslu á að sá tími, sem gefinn er til undirbúnings breytinganna, verði rúmur til að tryggja eftir því sem framast er unnt að sameiningarnar skili þeim árangri, sem að er stefnt. Sá tími, sem frumvarpið kveður á um, er að mati Ríkisendurskoðunar full stuttur nema því aðeins að undirbúningur verði kominn á mjög góðan rekspól fyrir áformaða gildistöku hinn 1. janúar n.k. Óþarft er að ítreka mikilvægi vandaðra vinnubragða við undirbúning og framkvæmd svo umfangsmikilla og mikilvægra breytinga, sem frumvarpið felur í sér, sbr. það sem segir um þetta atriði í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Til fróðleiks í þessu sambandi fylgir hjálagt spurningalisti, sem stofnunin útbjó í byrjun ársins í tengslum við eftirlit með sameiningu nokkurra ríkisstofnana, og beint var að forsvarsmönnum þeirra ráðuneyta, er viðkomandi stofnanir heyra undir. Eftir atvikum sýnist mega hafa hann til hliðsjónar varðandi þau atriði, sem m.a. þarf að huga að við fyrirhugaða sameiningu ráðuneyta. Að mati Ríkisendurskoðunar ber við afgreiðslu frumvarpsins að leggja ríka áherslu á atriði eins og að stjórnun sameininga sé skipað með traustum hætti sem og gerð raunhæfra samrunaáætlana, þar sem einstaka verkþættir eru skilgreindir, hvenær þeim skuli lokið, hver beri ábyrgð á framkvæmd þeirra o.s.frv.

Erinn Þorsteinsson
Stjórnendur



Eftirlit með sameiningu ríkisstofnana *Spurningalisti**

A. Markmið með sameiningu

1. Hver eru rökin fyrir sameiningu?
2. Hver er framtíðarsýn og markmið fyrir sameinaða stofnun/verkefni?
3. Hvaða meginbreytingar verða á þjónustu og forgangsröðun verkefna frá því sem áður var?
4. Hvaða mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á árangur sameiningar?

B. Fjárhagslegt mat

5. Hefur farið fram fjárhagslegt mat á sameiningu stofnana/verkefni?
6. Hver eru fjárhagslegu markmiðin og hvernig á að ná þeim?
 - i. fækka starfsfólki?
 - ii. samnýta húsnæði, tæki o.s.frv?
 - iii. annað – hvað?
7. Hefur verið gerð rekstraráætlun fyrir sameinaða stofnun/verkefni:
 - i. Fyrir fyrsta rekstrarárið?
 - ii. Langtímaáætlun (3-5 ára)?
8. Hver er áætlaður heildarkostnaður við sameininguna?

C. Stjórnun sameiningar

9. Er búið að skipa í stýrihóp og ráða verkefnisstjóra?
10. Hafa umboð og ábyrgð lykilaðila í sameiningarferlinu verið skilgreind formlega? Hvernig?
11. Liggur fyrir hvernig staðið verður að miðlun upplýsinga meðal lykilaðila sameiningar?

D. Samrunaáætlun

12. Hefur ráðuneytið samþykkt samrunaáætlun (verk-, tíma-, kostnaðaráætlun)?
 - i. Hvenær er ráðgert að ljúka vinnu við langtímastefnumótun fyrir sameinaða stofnun?
 - ii. Hvenær er ráðgert að ljúka vinnu við nýtt skipurit?
 - iii. Hvenær er ráðgert að ljúka verklagsreglum fyrir meginþætti starfseminnar (t.d. innkaup)?
13. Er ráðgert að endurskoða samrunaáætlunina reglulega? Hversu oft?
14. Hverjar eru helstu áhættur í sameiningarferlinu?
 - i. Til hvaða ráðstafana verður gripið til að fyrirbyggja að sameiningin mistakist?
15. Hvaða aðgerðir verður ráðist í til að tryggja öfluga vinnustaðamenningu í sameinaðri stofnun?
16. Hefur verið gerð kynningaráætlun? Hvernig hefur sameiningin verið kynnt hingað til?

E. Annað

17. Eru önnur atriði sem ráðuneytið vill koma á framfæri varðandi sameininguna?

*Getur tekið breytingum.